



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Borgartún 33
105 Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2026

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Embætti umboðsmanns barna hefur á síðustu árum fengið fjölmörg erindi vegna barna sem njóta ekki réttinda sinna til menntunar með fullnægjandi hætti. Mismunandi ástæður liggja þar að baki. Dæmi eru um að börn fái ekki skólavist við hæfi, þau séu með skerta stundatöflu og í einhverjum tilvikum hefur þeim verið vísað úr skóla. Þessi börn eiga það flest sameiginlegt að hafa upplifað mikla höfnun vegna þessa, oft nánast frá upphafi skólagöngunnar. Eðli máls samkvæmt finna þau mörg til vanlíðunar og vanmáttar gagnvart skólakerfinu þar sem umhverfið styður ekki við þarfir þeirra. Af þeim erindum sem borist hafa embættinu má sjá að mörg þessara barna eru með taugabroskaraskanir eins og ADHD eða einhverfu og hafa mörg þurft að bíða árum saman eftir greiningum og viðeigandi stuðningi. Í slíkum tilvikum vex vandinn með hverju ári og þegar komið er fram á unglingsár er þessi hópur barna í mikilli hættu á að þróa með sér áhættuhegðun, enda hafa þau upplifað árum saman að þau tilheyri ekki skólanum og standa oft höllum fæti bæði námslega og félagslega.

Embætti umboðsmanns barna hefur margoft vakið athygli á stöðu þeirra barna sem mynda ekki tengsl við skólann og glíma við það sem kallað hefur verið skólaforðun eða skólasóknarvandi. Eins og gjarnan er um stöðu barna er erfitt að átta sig

á umfangi vandans þar sem hvergi er skipulega safnað upplýsingum um þennan hóp. Árið 2019 sendi embættið menntamálaráðuneytinu tillögur, að beiðni ráðuneytisins, um hvernig nauðsynlegt væri að bregðast við umræddum vanda. Þar var meðal annars lögð áhersla á mikilvægi þess að kortleggja vandann, samræma fjarvistarskráningu í öllum grunnskólum, samræma verkferla, tryggja stuðning við börn og leita eftir sjónarmiðum barna.

Nú sjö árum síðar virðist lítið hafa áunnist, ekki er ljóst hversu mörg börn á landinu glíma við skólaforðun, mynda ekki jákvæð tengsl við skólann og lenda utangarðs, einkum vegna þess að það skortir viðeigandi úrræði og stuðning fyrir þennan hóp barna.

Samkvæmt Barnasáttmálanum ber aðildarríkjum að sjá til þess að börn njóti réttar síns til menntunar án mismununar, sbr. 2. og 28. gr. sáttmálans. Þá leggur Barnasáttmálinn jafnframt þær skyldur á aðildarríkin að gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

Skólaskylda er í grunnskólum og börn eiga stjórnarskrárvarinn rétt til menntunar og fræðslu. Samkvæmt 2. gr. grunnskólalaga ber grunnskólum að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í aðalnámskrá grunnskóla er einnig fjallað um jöfn tækifæri barna til náms. Þar kemur fram í kafla 7.2 að allir nemendur í grunnskóla eigi rétt á að stunda nám við sitt hæfi og að tækifærin eigi að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Í þessu efni á skólinn að vera fyrir öll börn án aðgreiningar.

Á nýlegu málþingi um skólaforðun sem Menntafléttan stóð fyrir, kom fram að hópur barna upplifir kerfisbundna aðgreiningu innan skólans. Þeim er vísað úr skólastofunni, meðal annars vegna þess að þau ráða ekki við þær aðstæður sem þar er boðið upp á og þau fá ekki að taka þátt í viðburðum eða ferðalögum á vegum skólans. Þannig fá þau daglega skilaboð um að þau tilheyri ekki skólasamfélaginu og ættu frekar að sitja heima. Slík höfnun brýtur hvern einstakling niður og það ætti því ekki að koma á óvart að börn sem búa við þetta umhverfi forðist skólann með öllum ráðum. Embætti umboðsmanns barna fær reglulega erindi sem lýsa aðstæðum þessara barna. Skólinn sem á að vera jöfnunartæki og umhverfi þar sem börn vaxa og þroskast verður þessum hópi óbærilegur. Hegðunarvandi barnanna vex í kerfi þar sem þau eru kerfisbundið brotin niður. Á síðustu misserum hafa fjölmargar frásagnir verið birtar um börn og ungmenni sem hafa lent í alvarlegum vímuefnavanda. Það sem þau eiga nánast undantekningalaust sameiginlegt er erfið og útilokandi skólaganga oft nánast frá fyrsta degi.

Embætti umboðsmanns barna hefur á síðustu árum reglulega birt tölur um bið barna eftir þjónustu. Þar kemur fram að bið eftir greiningu hefur vaxið stöðugt á síðustu árum og er biðin orðin 2-3 ár eftir ADHD- og einhverfugreiningu. Við bætist í mörgum tilvikum löng bið hjá sveitarfélögum eftir frumgreiningu. Það er því ekki óalgengt að börn bíði upp undir 5 ár eftir greiningu þegar allt er talið, eða stóran hluta skólagöngunnar. Það er skýrt að formleg greining á samkvæmt lögum ekki að vera forsenda stuðnings en það er ekki alltaf raunin og vitanlega getur fagleg greining tryggt að stuðningurinn sé sniðinn að þörfum barnsins og eftir því sem við á nauðsynleg lyf. Þegar greining liggur fyrir getur síðan tekið við margra mánaða bið eftir samþykktari þjónustu hjá sveitarfélaginu.

Þó að ekki liggi fyrir nákvæmar tölur um bið eftir talmeinafræðingum hefur fjöldi barna sem bíða vaxið mikið á síðustu árum og í skýrslu sem birt var af starfshópi heilbrigðisráðuneytisins í lok árs 2024 kom fram að rétt undir fimm þúsund börn biðu þá eftir að komast að hjá talmeinafræðingi. Í þessum hópi eru fjölmörg börn á leikskólaaldri, og ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi málþroska við upphaf skólagöngunnar og afleiðingar þess þegar börn þurfa að bíða í lengri tíma eftir þessari þjónustu.

Það er ekki hægt að ætlast til þess að börn með taugaproskaraskanir eða aðrar áskoranir aðlagi sig að skólanum heldur verður umhverfi barna að vera þannig úr garði gert að það ýti undir þroska þeirra og styrkleika. Börn sem upplifa aðgreiningu innan skólans eða bíða árum saman eftir greiningum og viðeigandi stuðningi, eru líklegri en önnur börn til þess að þróa með sér hegðunarvanda og áhættuhegðun. Í fjölmiðlum birtast reglulega fréttir þar sem börn eru sögð hafa beitt ofbeldi innan skólans en þegar mál þeirra eru skoðuð er oftast en ekki um að ræða börn sem ráða ekki við þær aðstæður sem þau eru sett í.

Skóli án aðgreiningar krefst þess að öllum börnum standi raunverulega til boða að sækja nám í umhverfi sem hentar þörfum þeirra. Nauðsynlegt er að skólarnir hafi aðgang að viðeigandi úrræðum og að þar starfi fagfólk sem getur stutt við hvert barn svo þau megi öll ná sem bestum þroska á sínum forsendum. Þetta hefur vissulega tekist í mörgum skólum víða um land en staðan er þó sú að of mörg börn standa afar höllum fæti innan skólakerfisins og við því þarf að bregðast tafarlaust.

Að mati umboðsmanns barna er brýnt að mennta- og barnamálaráðherra eigi frumkvæði að því að greina stöðu barna sem af einhverjum ástæðum sækja ekki grunnskóla. Jafnframt þarf að greina til hvaða aðgerða og úrbóta þurfi að grípa til þess að öll börn eigi raunverulega tækifæri á að sækja skóla þar sem þörfum þeirra er mætt. Mikilvægast er að gripið verði til nauðsynlegra

aðgerða með það að markmiði að öll börn fái notið réttar síns til menntunar. Þá telur umboðsmaður barna að ástæða sé til þess að endurskoða sérstaklega 4. og 5. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og að felldar verði á brott heimildir skólastjóra til þess að víkja börnum úr grunnskóla.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, reading "Salvör Nordal". The signature is written in a cursive style with a large initial 'S'.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna